



Elísabet Péturnsdóttir  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar  
Ráðhúsi Reykjavíku

### ***Umsögn jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindateymis skóla- og frístundasviðs um tillögu Sósíalistaflokks Íslands um samning við Samtökin '78***

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 11. febrúar 2021, var samþykkt að vísa hjálagðri tillögu fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands til umsagnar skóla- og frístundasviðs, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins sama dag.

*Lagt er til að Reykjavík geri samning við Samtökin 78 að fyrirmund samningsins sem samtökin hafa gert við Hafnarfjörð og Grindavík þar sem allir skólar sveitafélaganna eru skyldug til að fá hinseginfræðslu einu sinni á ári. Þannig að hver einasti nemandi og starfsmaður fái að minnsta kosti lágmarks fræðslu í hinsegin málum.*

#### **Umsögn jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindateymis skóla- og frístundasviðs:**

JLM teymið fagnar því að áhersla sé lögð á að tryggja öllum börnum og starfsfólki hinseginfræðslu árlega. Í lok árs 2020 var samningur Reykjavíkurborgar við Samtökin '78 endurnýjaður en í honum kemur fram að S'78 sjái um fræðslu fyrir nemendur í grunnskólum borgarinnar og útgáfu á efni. Fræðsla til starfsfólks færst yfir til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar og verður í höndum sérfræðings í hinsegin málefnum sem þar starfar. Stuðningsþjónusta S'78 við ungmenni sem áður var í samningnum færst yfir til Hinsegin félagsmiðstöðvar.


Á sameiginlegum fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2020 var samþykkt að stofna starfshóp um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar. Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að helstu verkefni hans eru m.a. að:

- Kortleggja kennsluefni, þekkingu starfsfólks og þarfir er varðar kynja- og hinseginfræði í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Leggja mat á núverandi stöðu kynja- og hinseginfræðslu í leik-, grunnskóla og frístundastarfi
- Rýna í námsefni og fræðslu á sviði kynja- og hinseginfræðslu sem stendur starfsfólki til boða og nýtingu á því
- Varpa ljósi á árangursríkar leiðir og verkefni sem unnin hafa verið á sviði kynja- og hinseginfræðslu
- Leggja fram tillögur til að efla þekkingu starfsfólks á kynja- og hinseginfræðum
- Leggja fram tillögur til að auka kynja- og hinseginfræðslu til barna og unglings

Af ofangreindu er ljóst að eftir kortlagningu mun starfshópurinn leggja til úrbætur til að auka

þekkingu starfsfólks á hinseginfræðum og til að efla hinseginfræðslu fyrir börn og unglinga í borginni. Starfshópurinn er að störfum um þessar mundir og mun að vinnu sinni lokinni skila skýrslu til skóla- og frístundaráðs og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Lagt er til að ákvörðun um hvort skylda eigi grunnskólana til að þiggja hinseginfræðslu verði tekin að því loknu.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs